

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði:

1. Umferð:

- a. Á Hlíðarbraut er einstefna frá norðri til suðurs.
- b. Á Holtsgötu er einstefna frá austri til vesturs.
- c. Á torgi við Breiðvang er einstefna og hringakstur frá hægri til vinstri.
- d. Umferð um Norðurvang nýtur forgangs fyrir umferð um Breiðvang (biðskylda).

2. Bifreiðastöður:

Bifreiðastöður eru bannaðar á stíg sem liggur að Garðavegi 4B og 4C.
Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 30. október 1978.

Einar Ingimundarson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð á Akureyri:

1. Sett hafa verið upp gangbrautarljós á Þingvallastræti við Hrisalund og á Hörgárbraut við innkeyrslu í bæinn. (Skúta).
2. Umferð um Geislagötu skal vikja fyrir umferð um Strandgötu og hefur merki (biðskylda) þar um verið sett upp við suðausturhorn Landsbankahúss.
3. Ákveðið hefur verið að aðalbækistöð strætisvagna Akureyrar verði við Strandgötu, sunnan húss Ferðaskrifstofu Akureyrar.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 31. október 1978.

Ófeigur Eiríksson.